

IV. viðauki þjónustusamnings um verkefni á sviði framhaldsfræðslu, sem undirritaður var 14. desember 2015.

1. gr.

Þar sem ekki hefur verið tekin afstaða til tillagna í heildarúttekt á starfsemi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA), samanber grein 4.4. í samningnum og ekki er hægt að endurnýja samning fyrir en að því loknu, er hér með gerður IV. viðauki samningsins. Er viðaukinn undirritaður sameiginlega af félags- og vinnumarkaðsráðuneyti og mennta- og barnamálaráðuneyti í ljósi þess að málaflokkur framhaldsfræðslu (22.20) var færður frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu til félags- og vinnumarkaðsráðuneytis, kt. 521218-0610, með forsetaúrskurði um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, nr. 6/2022, sem tók gildi 1. febrúar 2022.

Við þessa breytingu var jafnframt ákveðið að skipta heildarfjárveitingum á fjárlögum til FA á tiltekin fjárlaganúmer í báðum ráðuneytum. Fjárframlag frá félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu á grundvelli viðauka þessa vegna þjónustu FA við framhaldsfræðsluáðila verður 119,9 m.kr. fyrir árið 2025 og fjárframlag frá mennta- og barnamálaráðuneytinu á grundvelli viðauka þessa vegna þjónustu FA við framhaldsskólana verður 40 m.kr. á sama tímabili, sbr. fjárlög fyrir árið 2025. Markmið þeirrar tilhögunar er að tryggja samstarf og brú á milli framhaldsfræðslu- og framhaldsskólakerfisins. Þá verður fjárframlag frá mennta- og barnamálaráðuneytinu á grundvelli viðauka þessa vegna þjónustu FA við framhaldsskólana 40 m.kr. fyrir árið 2026 og fjárframlag frá félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu á grundvelli viðauka þessa vegna þjónustu FA við framhaldsfræðsluáðila verður í samræmi við fjárlög fyrir árið 2026 á sama tímabili.

2. gr.

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið óskar sérstaklega eftir að þau verkefni sem unnin verða árið 2025 og 2026, og sem tiltekin eru í 2. kafla samningsins, séu í samræmi við stefnu stjórnvalda og nýtist markhópi laga um framhaldsfræðslu, atvinnulífi og samstarfsaðilum með beinum og mælanlegum aðgerðum sem sýna árangur og eftirspurn eftir þjónustu FA.

3. gr.

Mennta- og barnamálaráðuneyti óskar eftir að með framlagi þess verði sérstök áhersla í verkefnum ársins 2025 og 2026, samkvæmt 2. kafla samningsins, lögð á aukin tengsl framhaldsfræðslukerfisins við framhaldsskóla, s.s. með mótun námsbrauta fyrir fullorðna einstaklinga með stutta skólagöngu sem vilja ljúka námi í framhaldsskóla og fá raunfærni sína metna.

4. gr.

Þrátt fyrir 4. gr. III. viðauka samningsins skal samningurinn gilda til og með 31. desember 2026.

5. gr.

Þrátt fyrir vísun til laga um fjárreiður ríkisins nr. 88/1997 og reglugerða sem settar hafa verið á grundvelli þeirra laga í 1.1. og 2.1. gr. samningsins skulu lög um opinber fjármál nr. 123/2015, gilda um samninginn, sbr. 1.1. gr. samningsins, sem og um fjármál sjóðsins, sbr. 2.1. gr. samningsins.

6. gr.

Þrátt fyrir vísun til laga um Ríkisendurskoðun, nr. 86/1997, í 4.1. gr. samningsins skulu lög um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, nr. 46/2016, gilda um eftirlit með samningnum og umsömdum verkefnum, sbr. 4.1. gr. samningsins.